

**SÝNINGAR**

**Gallerí Handverks & hönnunar, Amtmannsstíg 1.** Gullsmíðjan Stubbur er með sýningu á leikföngum. Til sýnis verða leikföng, hönnuð og smíðuð af Georg Hollanders. Sýningin stendur til 12. júlí og er opin virka daga kl. 11-17 og á laugardögum 12-16.

**Gallerí, Ingólfsstræti 8.** Sýning á verkum Roni Horn til 29. júní. Galleríð er opið alla fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 14 til 18.

**Gallerí Regnbogans, Hverfisgötu 54.** Sýning á verkum Sigurðar Örlygssonar er opin virka daga frá kl. 16-24 og frá kl. 14-24 um helgar.

**Gallerí Sölva Helgasonar, Sölvabær í Lónkoti, Sléttuhlíð í Skagafirði.** Sýning á verkum Brynju Árnadóttur til 28. júní.

**Gallerí Sævars Karls, Bankastræti 9, 2. hæð.** Ragna St. Ingadóttir er með sýningu sem samanstendur af innsetningum. Opið á verslunartíma frá kl. 10-18 virka daga.

**Gerðoberg.** Jón Jónsson er með málverkasýningu. Opið fimmtud. til sunnud. frá kl. 14-18.

**Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.** Norræn farandsýning „Flóki án takmarka, sex lönd - tíu raddir“. Á sama tíma er sýning á verkum Bjargar Pjetursmíldóttur í Sverrissal. Opið kl. 12-18 alla daga nema þriðjudaga til 30. júní.

**Ísafoldarhúsið, Þingholtsstræti 5.** Heidi Kristiansen sýnir myndteppi. Vinnustofan er opin alla virka daga frá kl. 12-18.

**Kjarvalsstaðir** Sýningin Íslensk myndlist til 31. ágúst. Opið alla daga frá kl. 10-18.

**Listasafn ASÍ, Ásmundarsalur, Freyjugötu 41.** Sýning á verkum eftir Þórdísi Öldu Sigurðardóttur sem ber heitið Spjöld sögunnar. Sýningin stendur til 6. júlí og er opin alla daga frá kl. 14-18 nema laugardaga.

**Listasafn Íslands.** Sýning á myndlist og miðaldabókum Íslands. Á sýningunni eru málverk, grafík og höggmyndir sem byggðar eru á íslenskum fornritum.

**Listasafn Kópavogs.** Ása Ólafsdóttir myndlistarkona er með sýningu sem ber heitið Brot af fornum arfi. Sýningunni lýkur sunnudaginn 6. júlí. Hún er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 12-18. Einnig sýnir Íris Elfa Friðriksdóttir. Opið daglega frá kl. 12-16, lýkur 6. júlí.

Enn fremur er sýning á málverkum eftir Sigurbjörn Jónsson og stendur hún einnig til 6. júlí.

**Listhúsið í Laugardal.** Gallerí Sjöfn Har. Myndlistarsýning á verkum eftir Sjöfn Har. Opið virka daga kl. 13-18 og laugardaga kl. 11-14.

**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnesi.** Sumarsýning á 27 völdum verkum eftir Sigurjón. Opið alla daga nema mánudaga frá kl. 14-17.

**Listhús Ófeigs, Skólavörðustíg 5.** Finninn Harri Syrjänen er með sýningu á verkum sínum. Opið mán.-fös. frá kl. 10-18 og lau. frá kl. 11-14.

**Listasetrið í Kirkjuhvoli, Akranesi.** LasseS frá Sörvági í Færeyjum sýnir málverk til 29. júní. Opið daglega frá kl. 15-18.

**Matstofan Á næstu grösum.** Í júnímánuði verða til sýnis oliupastelmyndir Svanhildar Vilbergsdóttur. Opið virka daga kl. 11.30-14 og 18-22, laugardaga kl. 11.30-21 og sunnudaga kl. 17-21.

**Mokka, Skólavörðustíg 3A.** Hljóðir hælur Sigurðisar. Sýning á verkum Sigurðisar Arnadóttur myndlistarkonu.

**Norræna húsið.** Sýningin Sögn í sjón - myndlýsingar í íslenskum fornritaútgáfum á 20. öld. Sýningin verður opin daglega kl. 13-19 og henni lýkur sunnudaginn 6. júlí.

**Nýlistasafnið, Vatnsstíg.** Opin sýning. Öllum er boðið að sýna meðan húsrúm leyfir. Í setustofunni á annarri hæð er sýning á verkum Ásgerðar Búadóttur. Sýningararnar eru opnar daglega nema mánudaga frá kl. 14-18. Síðasta sýningarhelgi.

**Sjónarhóll, Hverfisgötu 12.** Valgarður Gunnarsson heldur sýningu á verkum sínum og stendur hún til 29. júní. Opið fimmtudaga til sunnudaga kl. 14-18.

**Sjóminjasafn Íslands, Hafnarfirði.** Sýning á 20 oliumálverkum eftir Bjarna Jónsson listmálara. Sýningin stendur yfir sumartímann. Frá 1. júní til 30. september er Sjóminjasafnið opið alla daga frá kl. 13-17.

**Snegla, listhús, Grettisgötu 7.** Í gluggum stendur yfir kynning á verkum Sigríðar Erlu úr jarðleir. Opið virka daga kl. 12-18 og kl. 10-14 laugard.

**SPRON, Álfabakka 14, Mjódd.** Sýning á verkum Aðalheiðar Valgeirsdóttur til 8. ágúst. Opið frá mánudegi til föstudags, frá kl. 9.15-16.

**Stofnun Árna Magnússonar, Árnagarði.** Sumarsýning handrita 1997. Opið daglega kl. 13-17 til ágústloka.

**Tehúsið, Vesturgötu 3.** Þórdís Alda Sigurðardóttir myndlistarmaður er með sýningu á verkum sínum sem stendur til 29. júní og er opin allan sólarhringinn í gegnum glugga Tehússins.

**Tuttugu fermetrar, Vesturgötu 10a, í kjallara.** Bjarni Sigurbjörnsson myndlistarmaður stendur fyrir sýningunni Ertíng inn við beinið. Sýningin er opin miðvikudaga til sunnudaga frá kl. 15-18, og stendur til 29. júní.

**Guðrún Lára Halldórsdóttir „Glára“** er með myndlistarsýningu í nýjum sýningarsal, Á hæðinni, á efri hæð verslunar Jóns Indíafara í Kringlunni. Sýningin stendur út júnímánuð og er opin á hefðbundnum verslunartíma.

**Rebekka Gunnarsdóttir** er með sýningu á litlum vatnslitamyndum í Ferstíkluskála í Hvalfirði. Sýningin stendur til 1. júlí.

**Vorhugur,** sýning á skúlptúrverkum Þorgerðar Jörundardóttur og Mími Stallborn stendur yfir í húsnæði Kvennalistas að Pósthússtræti 7, 3. hæð. Opið á skrifstofutíma kl. 13-17 alla virka daga.

**Eden, Hveragerði.** Jóni Ingi Sigurmundsson heldur málverkasýningu til 29. júní.

**Skálholt.** Sýningin Kristmítaka sem er samvinnuverkefni Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík, Skálholtsstaðar og Skálholtskóla. Sýningin stendur til 14. október.

# Íslenskir meistarar í allt sumar



Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir yfirlitssýningin Íslensk myndlist. Sýningin spannar sögu íslenskrar myndlistar frá 1900 og á henni getur að líta verk eftir flesta þekktustu meistara þjóðarinnar eins og Kjarval, Ásgrím Jónsson og Gunnlaug Blöndal. Þá eru nokkur verk eftir yngri listamenn. „Það má segja um þessa sýningu að hún sé nokkurs konar ágríp af íslenskri listasögu á 20. öld, eða frá því að Þórarinn Þorláksson hélt sína fyrstu sýningu í Reykjavík um aldamótin og allt til nútímans,“ segir Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Kjarvalsstaða. Verkin eru öll úr listaverkasafni Reykjavíkurborgar en þau hafa mörg hver hangið uppi á veggjum borgarstofnana hér og hvar um bæinn. Nú er hins vegar búið að setja þau upp á sýningu á einum stað. „Með þessu erum við að koma til móts við ferðamenn, jafnt inn-

Meðal nýlegri mynda á sýningunni er þessi skemmtilega útfærsla á landvættinum eftir Jóhann Torfason (Góðar vættir, 1996). lenda sem erlenda, en hingað til Torfason (Góðar vættir, 1996). hefur talsvert skort á að ferðalangar á leið um Reykjavík getið barið slík sýning væri árlegur viðburður og þá verk helstu listamanna þjóðarinnar aug- til skiptis á vegum Listasafns Íslands og um.“ Að sögn Eiríks væri æskilegt að Kjarvalsstaða.

Sýningin stendur yfir til 31. ágúst. -kbb

## Síðustu forvöð að sjá Fiðlarann



Um helgina verða síðustu sýningar á Fiðlaranum á þakinu.

Nú eru aðeins tvær sýningar eftir á Fiðlaranum á þakinu. Söngleikurinn vinsæli um Tevje mjólkurpóst og fjölskyldu hans hefur verið sýndur fyrir fullu húsi á stóra sviði Þjóðleikhússins frá miðjum apríl og hlotið frábærar viðtökur, jafnt áhorfenda sem gagnrýnenda.

Það er Jóhann Sigurðarson sem fer með hlutverk mjólkurpóstsins Tevje en aðrir leikendur eru Edda Heiðrún Backman, Sigrún Edda Björnsdóttir, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og fleiri. Jóhann G. Jóhannsson útsetti tónlist og leikstjóri er Kolbrún Halldórsdóttir.

Síðustu sýningar leikársins eru á föstudags- og laugardagskvöld.



**Mig vantaði mann í vinnu og það bara stoppaði ekki síminn!**

allt milli himins og jarðar

**Smáauglýsingar**

**DV**  
550 5000